



# GRI Standards – viðauki


1. febrúar 2024



# GRI Standard – viðauki

## 2 – 29 Aðkoma hagsmunaaðila - nálgun

Við skilgreiningu mikilvægisþátta (e. material topics) var byrjað á að fara yfir hagsmunaaðila Landsbankans, þ.e. einstaklinga, hópa og/eða fyrirtæki sem verða eða geta orðið fyrir áhrifum af starfsemi bankans (e. individual or group that has an interest that is affected or could be affected by the organisation's activities). Hagsmunaaðilum Landsbankans er skipt í innri og ytri hagsmunaaðila. Með innri hagsmunaaðilum er átt við starfsfólk, viðskiptavinum, birgja, hluthafa og samfélag (þ.e. Ísland). Með ytri hagsmunaaðilum er átt við eftirlitsstofnanir, fjölmiðla, fjárfesta, hagsmunafélög, þrýstihópa og stjórnvöld.



## GRI – lýsing á mikilvægisþáttum, hverjir þeir eru og hvernig þeim er stýrt

Landsbankinn metur reglulega mikilvægisþætti bankans sem tengjast sjálfbærni til þess að miðla viðeigandi upplýsingum í hverri sjálfbærnisýrslu út frá bestu þekkingu á hverjum tíma. Við hverja uppfærslu eru mikilvægisþættir metnir út frá nokkrum hópum hagsmunaaðila. Sú aðferð tryggir að mat sé lagt á nauðsyn þess að uppfæra hvern mikilvægisþátt út frá öllum hagsmunaaðilum úr ytri og innri hring á u.þ.b. fimm ára fresti. Uppfærsla á mikilvægisþáttum Landsbankans fór fram árið 2019 og var þá haft samband við viðskiptavinum, starfsfólk (þ.m.t. stjórnendur), samfélag (þ.e. almenning sem er ekki í viðskiptum við Landsbankann) og tvö hagsmunafélög. Aftur var farið í endurmat árið 2021 og þá haft samband við starfsfólk, viðskiptavinum og samfélag (þ.e. almenning sem er ekki í viðskiptum við Landsbankann). Gert er ráð fyrir að fara næst í tvöfalda mikilvægisgreiningu árið 2024.

---

Þar sem GRI Sector Standard fyrir fjármálafyrirtæki er ekki til ennþá er ekki unnt að nota mikilvægisþætti þaðan og bera saman við starfsemi Landsbankans. Hingað til hafa mikilvægisþættir verið ákvarðaðir út frá því hvort Landsbankinn hafi áhrif á GRI-vísa en eftir uppfærslu á GRI Standards síðasta haust var ákveðið að fara dýpra í að skilgreina hvað væru mikilvægisþættir GRI og skoða bæði hvar starfsemi Landsbankans hafi áhrif og einnig hvernig mikilvægir GRI-vísar hafa áhrif á starfsemi bankans. Að þeirri vinnu lokinni var skilgreint hvaða GRI-vísar úr GRI Topics köflunum næðu yfir mikilvægisþættina. Það hefði verið hægt að halda sig við gamlar skilgreiningar og miðla öllum GRI Topics sem hefur verið fjallað um í undanförunum skýrslum. Ákvörðun um að fara ekki þá leið byggir á stefnu um að gera sjálfbærni vinnu bankans hnitmiðaðri. Árið 2021 fór að miklu leyti í að greina og þróa sjálfbærnimálaflökkinn til að gera hann hnitmiðaðri og betur skilgreindan til að auðvelda okkur að setja sjálfbærnimarkmið og vinna að þeim á markvissan hátt. Árið 2022 reyndi svo í fyrsta skipti á vinnu samkvæmt uppfærðri sjálfbærnistefnu að settum sjálfbærnimarkmiðum á markvissan hátt. Árið 2023 var sjálfbærnistefnan yfirfarin og uppfærð. Sjálfbærnimarkmiðin sem sett voru árið 2021 eru birt í sér skjali sem kemur út á sama tíma og GRI-skýrsla Landsbankans. Þar er farið yfir markmiðin og hvernig þau eru stödd.

Hafist var handa við að leggja könnun fyrir allt starfsfólk Landsbankans haustið 2021. Könnunin var þannig gerð að farið var í gegnum lista yfir mikilvægisþætti eftir atvinnugreinum frá S&P Global, MSCI, SASB, London Stock Exchange Group og Refinitiv. Teknir voru saman allir þættir fyrir fjármálafyrirtæki og þeir svo flokkaðir í umhverfismál, félagslega þætti og stjórnarhætti (UFS). Margir þættir voru endurteknir og var einfaldað til að forðast tvíverknað. Út frá þessum þáttum var unnin könnun þar sem 31 spurning var lögð fyrir starfsfólk Landsbankans. Spurt var hversu mikla eða litla áherslu Landsbankinn ætti að leggja á tiltekin atriði í starfsemi sinni. Fimm svarmöguleikar voru gefnir: Mjög litla – Frekar litla – Hvorki né – Frekar mikla – Mjög mikla. Svarhlutfallið var 32% og var gerð þáttagreining á svörum. Þrír þættir skáru sig úr og voru greinilega að mæla UFS-tengdar spurningar. Einungis voru teknar áfram spurningar sem höfðu fylgni yfir 0,6 við hvern mældan þátt. Í umhverfismálum voru fjórar spurningar með 0,818 til 0,835 fylgni við þáttinn og ein með 0,65 fylgni, en umhverfismálin höfðu sterkustu fylgnina. Í félagslegu þáttunum voru fjórar spurningar með fylgni á bilinu 0,638 til 0,735 við þáttinn. Í stjórnarháttum voru sjö spurningar með fylgni á bilinu 0,62 til 0,776 við þáttinn.

Þar sem þessar spurningar voru að mæla sama þátt var valin sú spurning úr hverjum þætti sem hafði hæsta fylgni við hann og lögð fyrir almenning í gegnum EMC rannsóknir. Svarendur voru 635 og voru niðurstöður greindar eftir viðskiptavinum bankans, heildarsvörum og lýðfræðilegum þáttum. Lýðfræðilegu þættirnir eru kyn, aldur, búseta og stéttarstaða sem er skilgreind út frá þáttum eins og tekjum heimilisins, eignum, sparifé, menntun og stöðu fullorðinna heimilismeðlima á vinnumarkaði.

Þegar mikilvægisþættir á listanum voru skoðaðir var farið yfir áhrif sem höfðu þegar raungerst og áhrif sem gætu átt sér stað fyrir hvern þátt. Skoðað var hver þau yrðu fyrir flokkana hagkerfið, umhverfið, fólk og mannréttindi og hvernig þau yrðu í gegnum aðgerðir bankans og/eða viðskiptatengsl. Taflan hér að neðan inniheldur bæði þá mikilvægisþætti sem komu út úr þáttagreiningunni og hvernig áhrif þeir hafa á ofantalin atriði. Einnig er sýnt hvernig mikilvægisþáttum er stýrt innan bankans í gegnum GRI-vísa.

## Umhverfismál

GRI-vísar		Umhverfis- þættir	Áhrif á þessa þætti í gegnum aðgerðir og viðskiptatengsl Landsbankans	Áhrif sem hafa raungerst og eru þau jákvæð eða neikvæð	Áhrif sem gætu líklega gerst og eru þau jákvæð eða neikvæð
2-22, 2-23, 2-24, 2-25, 2-26, 2-27, 2-28, 2-29	201-2, 203-1, 204-1, 302- 1-2-3-4-5, 305-1-2-3- 4-5-6, 306-2, 308-1-2, G4-DMA(FS1), G4-DMA (FS9), G4-FS11	Grípa til að- gerða gegn loftslags- breytingum	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Aðgerðir gegn loftslagsbreytingum eru í gegnum sjálfbæra fjármögnun á verkefnum sem falla undir sjálfbæra fjármálaumgjörð bankans. Einnig hefur Landsbankinn kolefnisjafnað losun vegna reksturs bankans. Þetta hefur haft í för með sér jákvæð áhrif.	Það sem gæti líklega gerst í framtíðinni væri að sniða vöruframboð betur að niðurstöðum PCAF varðandi hvar mesta losun bankans á sér stað með það í huga að minnka hana. Það myndi hafa jákvæð áhrif heilt yfir.
	307-1	Fara eftir að- gerðaráætlun í loftslags- málum	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Hér eru áhrif ekki byrjuð að raungerast en líklegt að stutt sé í það.	Hér verða áhrif í gegnum viðskiptatengsl sem munu hafa áhrif á alla flokka. Viðskiptavinir munu líklega þurfa að aðlaga sig breyttri löggjöf vegna aðgerðaráætlunar í loftslagsmálum og Landsbankinn mun hjálpa þeim við breytinguna í gegnum sjálfbæra fjármögnun og mögulega sér-sniðið vöruframboð. Þessi áhrif verða líklega jákvæð fyrir alla flokka.
	203-1, G4- DMA (FS8)	Fjármagna jákvæð um- verfisverkefni	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Hér eru áhrif ekki byrjuð að raungerast.	Landsbankinn hefur möguleika á að fjármagna jákvæð umhverfisverkefni í gegnum viðskiptatengsl og þau þyrftu þá að falla undir sjálfbæra fjármálaumgjört bankans. Þetta yrðu líklega jákvæð áhrif sem hefðu áhrif á alla flokka.
	G4-DMA (FS3), G4-FS10	Bjóða upp á sjálfbæra fjár- mögnun	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Landsbankinn er byrjaður að bjóða upp á sjálfbæra fjármögnun í gegnum sjálfbæra fjármálaumgjörð bankans, þ.e. verkefni sem falla undir hana geta fengið sjálfbæra fjármögnun. Áhrifin eru jákvæð fyrir alla hópa.	Líklegt framhald er að auka sjálfbæra fjármögnun undir sjálfbærri fjármálaumgjörð bankans og væru áhrifin af því jákvæð fyrir alla hópa.

## Félagslegir þættir

GRI-vísar	Félagsþættir	Áhrif á þessa þætti í gegnum aðgerðir og viðskiptatengsl Landsbankans	Áhrif sem hafa raungerst og eru þau jákvæð eða neikvæð	Áhrif sem gætu líklega gerst og eru þau jákvæð eða neikvæð	
2-7, 2-8, 2-19, 2-20, 2-21, 2-30, 401-1, 401-2, 401-3, 402-1, 403-1, 403-2	403-5, 403-6, 404-1-2-3,	Þjálfa starfsfólk	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Þjálfun starfsfólks er verkefni sem er í stöðugri þróun hjá Landsbankanum, mikið úrval af fræðslu og öðrum þróunarleiðum. Sérstaklega góð áhrif á fólk og hagkerfi en aðrir flokkar verða líka fyrir jákvæðum áhrifum.	Áframhaldandi þróun í takt við kröfur samtímans og bankakerfi sem tekur örum breytingum. Gert er ráð fyrir að áhrifin verði jákvæð jafn lengi og unnið er ötullega að því að þjálfa starfsfólk í bankanum og hvetja til þess sama hjá öðrum í gegnum sjálfbæriskýrslu bankans.
	404-1-2-3,	Þróa mannauð	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Þróun mannauðs er verkefni sem er unnið stöðugt að hjá Mannauðsdeild bankans. Þróuninni er miðlað í gegnum sjálfbæriskýrslu og vonandi getur sú saga nýst öðrum til góða. Hefur aðallega jákvæð áhrif á fólk og hagkerfi en einnig verða aðrir flokkar fyrir jákvæðum áhrifum.	Áframhaldandi þróun í takt við kröfur samtímans og bankakerfi sem tekur örum breytingum. Gert er ráð fyrir að áhrifin verði jákvæð jafn lengi og unnið er ötullega að þróun mannauðs í bankanum og hvatt til þess sama hjá öðrum í gegnum sjálfbæriskýrslu.
	201-1-3, 202-1, 202-2, 403-3-4-8, 405-2, 407-1, 413-1-2, 414-2, G4-FS13, G4-FS14, G4-DMA (FS15), G4-DMA (FS16)	Að stunda góða vinnu- markaðshætti	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Að stunda góða vinnu- markaðshætti hefur jákvæð áhrif á alla flokka og neikvæð ef þeir eru ekki stundaðir. Landsbankinn starfar undir ströngu regluverki og teljum við bankann stunda góða vinnu- markaðshætti með jákvæðum áhrifum.	Áframhaldandi jákvæð áhrif við að stunda góða vinnu- markaðshætti og neikvæð ef útaf brygði.
	405-1, 406-1	Stuðla að þátttöku, fjölbreytni og aðgengi starfsfólks	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Áhrif af þessum þætti sem hafa raungerst eru helst í tengslum við fjölbreytni starfsfólks þar sem það er einsleitur hópur sem býr á Íslandi, eina landinu sem bankinn starfar í.	Í samfélagi sem þróast hratt gætu neikvæð áhrif komið fram vegna einsleits starfsmannahóps og lélegs aðgengis. Sífelld er leitast við að auka fjölbreytni starfsmannahóps og á árinu var flutt í nýjar höfuðstöðvar þar sem aðgengi fyrir alla er jafn gott. Áhrifin af þessu verða jákvæð fyrir fólk og mannréttindi.

## Stjórnarhættir

GRI vísir		Stjórnarhættir	Áhrif á þessa þætti í gegnum aðgerðir og viðskiptatengsl Landsbankans	Áhrif sem hafa raungerst og eru þau jákvæð eða neikvæð	Áhrif sem gætu líklega gerst og eru þau jákvæð eða neikvæð
2-5, 2-6, 2-9, 2-10, 2-11, 2-12, 2-13, 2-14, 2-15, 2-16, 2-17, 2-18, 205-1-2-3, 206-1, 415-1,	408-1, 409-1, 414-1,	Huga að mannréttindum	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Hugað er að mannréttindum í gegnum keðjuábyrgð Landsbankans gagnvart birgjum auk þess sem bankinn gætir að mannréttindum í sínum aðgerðum. Það hefur áhrif á alla flokka að huga að mannréttindum.	Líkleg áhrif í framtíðinni er aukin áhersla á mannréttindi og þá sérstaklega í gegnum keðjuábyrgð bankans. Neikvæð áhrif ef mannréttindi eru brotin en jákvæð áhrif fyrir alla flokka ef mannréttindi verða aukin í gegnum aukna viðurkenningu á keðjuábyrgð og aðgerðum því tengdu.
	417-3,	lðka ábyrga markaðssetningu	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Ávallt skal huga að ábyrgri markaðssetningu, annað hefði mjög neikvæð áhrif á alla flokka og myndi veikja rekstrargrundvöll bankans verulega.	Jákvæð áhrif ef markviss vinna en neikvætt ef ekki er sinnt. Hefur verið sinnt vel og verður það væntanlega áfram, sérstaklega með meiri áherslu á gögn og gagnadrifna markaðssetningu.
	418-1	Gæta að persónuverndarsjónarmiðum	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Bankinn er með persónuverndarfulltrúa til að gæta að öryggi um persónuvernd. Hefur áhrif á fólk, hagkerfi og mannréttindi til hins betra eða verra eftir því hvernig er sinnt. Er sinnt eins vel og kostur er hjá bankanum.	Mjög mikil áhrif og neikvæð ef þessu væri ekki sinnt. Þessu er vel sinnt hjá bankanum en mikilvægt að fylgjast vel með þegar áherslur breytast og/eða uppfærast.
	2-5, 417-1-2,	lðka ábyrga söluhætti og ábyrga vörumerkingu	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Ávallt skal hugað að ábyrgum söluháttum og vörumerkingum, annað hefði mjög neikvæð áhrif á alla flokka og myndi veikja rekstrargrundvöll bankans verulega.	Jákvæð áhrif ef markviss vinna en neikvætt ef ekki er sinnt, hefur verið sinnt vel og markmið um að halda því áfram.
	419-1	Virða skyldur vegna umhverfismála, félagslegra þátta og stjórnarháttanna (fá ekki sektir)	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Gætt af Regluvörslu bankans. Áhrif á alla flokka ef skyldur eru ekki virtar og áhrifin yrðu neikvæð.	Mikilvægt að halda áfram að gæta að þessum flokkum.
	418-1, 417-2-3, 419-1	Uppfylla reglverk vegna spillingar (fá ekki sektir)	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Gætt af Regluvörslu bankans. Áhrif á alla flokka ef skyldur eru ekki virtar og áhrifin yrðu neikvæð.	Mikilvægt að halda áfram að gæta að þessum flokkum.
	G4-DMA (FS12)	Gæta að góðu viðskiptasiðferði og stjórnarháttum	Hagkerfið Umhverfið Fólk Mannréttindi	Gætt af Regluvörslu bankans. Áhrif á alla flokka ef skyldur eru ekki virtar og áhrifin yrðu neikvæð.	Mikilvægt að halda áfram að gæta að þessum flokkum.

Vinnan við að finna og skilgreina mikilvægisþætti var unnin af sjálfbærnisérfræðingum bankans með aðstoð sérfræðings úr Markaðsdeild, auk aðkeyptrar vinnu frá EMC rannsóknum. Framkvæmdastjóri sviðsins Samfélags fylgdist þá með vinnunni og samþykkti þessa mikilvægisþætti í sjálfbærnistarfi Landsbankans. Gert var ráð fyrir að uppfæra mikilvægisgreiningu bankans árið 2023 en hefur þeirri vinnu verið frestað til ársins 2024 þegar farið verður í tvöfalda mikilvægisgreiningu. Hafa núverandi mikilvægisþættir verið yfirfarnir og samþykktir af framkvæmdastjóra Fjármála sem er ábyrgðarmaður skýrslunnar.

## 2-6 Starfsemi, virðisdeðja og önnur viðskiptasambönd

Um Landsbankann	Breyting	31.12.2023	31.12.2022	31.12.2021
Einstaklingar í viðskiptum við Landsbankann	5%	127.071	121.564	115.515
Fyrirtæki í viðskiptum við Landsbankann	6%	17.850	16.763	16.276
Útibú og afgreiðslur	-3%	34	35	36
Ársverk	0%	796	813	801
Starfsfólk	-2%	845	862	850

Helstu kennitölur (ma. kr)	2023	2022	2021
Hreinar rekstrartekjur	73.848	53.053	62.330
Hagnaður eftir skatta	33.167	16.997	28.919
Arðsemi eigin fjár eftir skatta	11,5%	6,3%	10,8%
Eiginfjárlutfall	23,6%	24,7%	26,6%
Vaxtamunur í hlutfalli af meðalstöðu heildareigna	3,0%	2,7%	2,3%
Kostnaðarhlutfall	33,7%	46,8%	43,2%
Heildareignir	1.960.776	1.787.024	1.729.798
Útlán sem hlutfall af innlánum viðskiptavina	155,5%	159,6%	154,1%


## 2-7 Starfsfólk

Við miðlun upplýsinga um fjölda starfsfólks Landsbankans er litið til alls starfsfólks sem er með ráðningarsamband við bankann. Í lok árs 2022 voru tölur uppfærðar fyrir árin 2020 og 2019 og telst árið 2019 vera nýtt grunnár í tölfræði um starfsfólk. Líkt og áður eru ekki sýnd önnur kyn en karl og kona þar sem of fátt starfsfólk fellur í aðra flokka til að upplýsingar teljist almennar. Miðað er við að fimm eða fleira starfsfólk af sama kyni þurfi að vera í hverjum flokki til þess að upplýsingar um flokkinn séu birtar. Starfaflokkun bankans var uppfærð árið 2022 og hafði sú breyting áhrif á vísa 405-1 og 405-2. Vísir 405-1 sýnir nú þá 17 starfaflokka sem eru í bankanum og hlutfall kyns og aldurshópa innan hvers og eins. Vísir 405-2 sýnir nú hlutfall launa kvenna af launum karla af þessum 17 starfaflokkum. Bankastjóri er ekki hluti af þessum starfaflokkum þar sem starf bankastjóra er einstakt í bankanum og ekki sambærilegt við önnur störf.

Allar tölur um starfsfólk í GRI-skýrslu Landsbankans eiga við um starfsfólk Landsbankans hf. en ekki samstæðunnar. Með fjölda starfsfólks er átt við fjölda út frá starfsfólki en ekki fjölda ársverka. Gagna er aflað mánaðarlega en tekið er mið af stöðu þeirra í upphafi og lok árs og þeim breytingum sem hafa orðið á viðkomandi ári í upplýsingum um tölfræði mannauðs bankans.

Landsbankinn telur Ísland vera starfssvæði sitt og starfar því eingöngu á einu svæði en miðlar þó einnig upplýsingum um fjölda starfsfólks greint niður á höfuðborgarsvæðið og á landsbyggðina.


## Starfsfólk Landsbankans - kyn og staðsetning



Starfsfólk Landsbankans	2023	2022	2021
<b>Heildarfjöldi starfsfólks</b>	<b>845</b>	<b>859</b>	<b>849</b>
Konur	462	486	487
Karlur	383	373	362
<b>Staðsetning starfsfólks - höfuðborgarsvæði</b>	<b>686</b>	<b>693</b>	<b>675</b>
Konur	333	352	345
Karlur	353	341	330
<b>Staðsetning starfsfólks - landsbyggðin</b>	<b>159</b>	<b>166</b>	<b>174</b>
Konur	129	134	142
Karlur	30	32	32




## Tegund ráðningar



Tegund ráðningar	2023	2022	2021
<b>Fastráðið starfsfólk</b>	<b>769</b>	<b>774</b>	<b>793</b>
Konur	423	438	451
Karlar	346	336	342
<b>Lausráðið starfsfólk</b>	<b>38</b>	<b>47</b>	<b>26</b>
Konur	17	28	18
Karlar	21	19	8
<b>Tímabundið starfsfólk/án starfshlutfalls</b>	<b>38</b>	<b>38</b>	<b>30</b>
Konur	22	20	18
Karlar	16	18	12
<b>Starfsfólk í fullu starfi</b>	<b>742</b>	<b>745</b>	<b>737</b>
Konur	379	392	392
Karlar	363	353	345
<b>Starfsfólk í hlutastarfi</b>	<b>103</b>	<b>114</b>	<b>112</b>
Konur	83	94	95
Karlar	20	20	17

## 2-8 Vinnuafli sem er ekki starfsfólk

Með vinnuafli sem er ekki starfsfólk er átt við verktaka sem starfa fyrir Landsbankann á tímabilinu. Verktakar gegna tímabundnum trúnaðar- og/eða sérfræðistörfum fyrir bankann og þetta eru störf sem krefjast ekki nýrra ársverka hjá bankanum. Við talningu á verktökum ársins eru taldar trúnaðaryfirlýsingar verktaka sem undirritaðar voru á árinu 2023 og tölurnar gefa því til kynna fjölda verktaka á árinu en ekki ársverk.



	2023	2022	2021
Heildarfjöldi verktaka	155	53	44

## 2-12 Aðkoma æðstu stjórnar að eftirliti með stýringu áhrifa

Á árinu 2023 var stofnuð ný undirnefnd bankaráðs, Sjálfbærnefnd, sem einblínir á málefni sem tengjast sjálfbærni. Bankinn hefur með þessu gert sjálfbærni að samþættum hluta af stefnu hans, helstu verkefni nefndarinnar er sjálfbærnistefnumörkun, þróun og stöðlun sjálfbærnimælikvarða, birting og miðlun sjálfbærniupplýsinga, hlítini gagnvart gildandi lögum og reglum um sjálfbærni ásamt símenntun stjórnar varðandi sjálfbærni.

Við mótun, samþykkt og uppfærslu á öllum atriðum og/eða aðgerðum sem tengjast sjálfbærni og/eða UFS-þáttum er stuðst við sjálfbærnistefnu Landsbankans. Bankaráð samþykkir sjálfbærnistefnuna, bankastjóri ber ábyrgð á innleiðingu, framkvæmd og eftirliti með framkvæmd stefnunnar og framkvæmdastjórn ber ábyrgð á samþykkt og breytingum á megináherslum og viðmiðum stefnunnar. Sjálfbærnistefnan skal rýnd og uppfærð á tveggja ára fresti. Var síðast uppfærð og samþykkt af bankaráði haustið 2023.

---

## 2 – 28 Aðild að samstarfi og félögum

### Tengt sjálfbærni

- Festa, miðstöð um sjálfbærni
- Hnattrænt samkomulag SP
- Verkefni SP um ábyrgar fjárfestingar (UN PRI)
- Fjármálaverkefni Umhverfisstofnunnar SP (UNEP-FI)
- IcelandSIF, samtök um ábyrgar fjárfestingar á Íslandi
- Loftslagsyfirlýsing Reykavíkurborgar og Festu um að vinna að markmiðum Parísarsamkomulagsins
- Viðmið um ábyrga bankastarfsemi (UNEP-FI Principles for Responsible Banking)
- Samtök um þróun loftslagsbókhalds (Partnership for Carbon Accounting Financials (PCAF))
- Samtök um þróun bókhalds fyrir líffræðilegan fjölbreytileika (Partnership for Biodiversity Accounting Financials (PBAF))
- Umhverfisstofnun, Svansmerkið

### Önnur félög

- ACI Ísland, félag
- Alþjóðaviðskiptaráðin á Íslandi
  - Amerísk – íslenska viðskiptaráðið
  - Bresk – íslenska viðskiptaráðið
  - Dansk – íslenska viðskiptaráðið
  - Fransk – íslenska viðskiptaráðið
  - Færeysk – íslenska viðskiptaráðið
  - Grænlensk – íslenska viðskiptaráðið
  - Ítalsk – íslenska viðskiptaráðið
  - Norðurslóða – viðskiptaráðið
  - Norsk – íslenska viðskiptaráðið
  - Spánsk – íslenska viðskiptaráðið
  - Sænsk – íslenska viðskiptaráðið
  - Þýsk – íslenska viðskiptaráðið
- Álklasinn, félagasamtök
- Bókaútgáfan Codex, bóklúbbur
- BSI á Íslandi ehf.
- Dokkan slf.
- Fjártækniklasinn ehf.
- IBAS/ICOB User Group
- ÍMARK – samtök markaðsfólks á Íslandi
- Íslandshótel hf.
- Íslenski ferðaklasinn
- Loan Market Association
- Samtök atvinnulífsins
- Samtök atvinnurekenda á Reykjanesi
- Samtök fjármálafyrirtækja
- Staðlaráð Íslands
- Steinsteypufélag Íslands
- Verðbréfamistöð Íslands
- Viðskiptaráð Íslands
- Þjónustusamfélagið á Héraði

## 201-1 Bein efnahagsleg verðmæti

Bein efnahagsleg verðmæti í milljónum króna*	Breyting	2023	2022	2021
Tekjur	39%	73.848	53.053	62.330
Rekstrarkostnaður**	9%	8.417	7.738	7.718
Laun og launatengd gjöld	10%	15.866	14.474	14.759
Arðgreiðslur til hluthafa	-59%	8.504	20.550	4.489
Tekjuskattur og sérstakur skattur	18%	14.723	12.493	9.547
Styrkir til samfélagsins	-1%	125	126	119
Samtals efnahagslegt framlag	-14%	47.635	55.381	36.632
Efnahagslegur ávinningur	1226%	26.213	- 2.328	25.698
<b>Hlutfall efnahagslegs framlags af tekjum</b>	<b>-38%</b>	<b>65%</b>	<b>104%</b>	<b>59%</b>

\*Upplýsingar á samstæðugrundvelli

\*\*Án afskrifta fastafjármuna og styrkja


## 204-1 Hlutfall innkaupa hjá birgjum í nærumhverfi

Landsbankinn skilgreinir Ísland sem nærsamfélag sitt og leitast við að eiga viðskipti við íslenska birgja, að því gefnu að það sé hagkvæmt. Á landsbyggðinni leitast bankinn við að skipta við heimafólk, enda uppfylli það skilyrði innkaupastefnu bankans.

	Innlendir	Erlendir	Samtals
Fjöldi birgja með veltu fyrir 500 þúsund eða meira	504	93	597
Fjöldi birgja með samning í yfir eitt ár	43	83	126
Heildargreiðslur í milljónum króna*	6.724	1.818	8.542

\*Upplýsingar á samstæðugrundvelli

## Hlutfall innkaupa frá innlendum og erlendum birgjum



Hlutfall af veltu birgja eftir flokkum	Hlutfall af heild	Innlendir	Erlendir
Upplýsingatækni	45%	85%	15%
Rekstur fasteigna	12%	100%	0%
Markaðskostnaður	8%	98%	2%
Annað	35%	93%	7%

---

# Ráðstafanir gegn spillingu

## 205-1 Starfsemi sem hefur verið metin m.t.t. áhættu samfara spillingu

Landsbankinn hefur sett sér stefnu um aðgerðir gegn fjármunabrotum en með fjármunabrotum er átt við peningabætti, fjármögnun hryðjuverka, brot á viðskiptaþvingunum, sviksemi, mútur og spillingu, markaðssvik og önnur auðgunarbrot. Stefnan kveður m.a. á um viðeigandi skipulagslegar og stjórnunarlegar ráðstafanir bankans til að draga úr hættu á mútum og spillingu í starfsemi bankans og í samskiptum við viðskiptavinum, starfsfólk, eftirlitsaðila og önnur stjórnvöld, hluthafa, endurskoðendur, samkeppnisaðila og aðra sem eiga hagsmuna að gæta. Stefna Landsbankans byggir á lögum um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, lögum um framkvæmd alþjóðlegra þvingunaraðgerða og frystingu fjármuna, lög um aðgerðir gegn markaðssvikum og samningi Sameinuðu þjóðanna gegn spillingu og almennum hegningarlögum.

Landsbankinn framkvæmir áhættumat út frá hættu á misferli og spillingu í samræmi við áhættumiðaða áætlun bankans um eftirlit á þessu sviði. Samkvæmt áætlun átti að framkvæma áhættumat hjá 33 starfseiningum á árinu 2023 og er því öllum lokið.

Þá var uppfært áhættumat á viðskiptavinum og starfsemi bankans, þ.m.t. á öllum vörum, þjónustu og dreifileiðum hvað varðar hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka.

## 205-2 Upplýsingagjöf og þjálfun um ráðstafanir gegn spillingu og misferli


Starfsfólk sem hefur störf hjá Landsbankanum fær sérstaka fræðslu þar sem farið er yfir helstu starfsreglur bankans, þ.m.t. reglur um meðferð hagsmunaárekstra, reglur um einkahagsmuni, reglur um háttsemi, reglur um vernd uppljóstrara og reglur um aðgerðir gegn fjármunabrotum. Bankaráð og bankastjóri fá sérstaka fræðslu við upphaf starfs sem lið í undirbúningi fyrir mat á hæfi þeirra sem framkvæmt er af fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands.

Stefna Landsbankans í aðgerðum gegn fjármunabrotum tekur á ábyrgð stjórnenda hvað varðar viðeigandi fræðslu en með fræðslu skal stefnt að aukinni vitund meðal starfsfólks meðal annars um ráðstafanir gegn mútum og spillingu og hvernig starfsfólk skuli bregðast við þegar grunur vaknar um mútur og spillingu. Fræðslan fer fram með heimsóknnum í starfseiningar, fræðslupistlum á Workplace, rafrænni fræðslu og prófum á fræðslutorgi bankans. Reglur bankans um vernd uppljóstrara voru uppfærðar á árinu í þeim tilgangi að takmarka hættu á spillingu eða misferli enn frekar og stuðla að því að upplýst verði um ámælisverða háttsemi í starfsemi bankans.

Nýjar reglur voru kynntar á Workplace og er starfsfólk hvatt til að láta vita og að tilkynna grun um slíka ámælisverða háttsemi til viðeigandi aðila innan eða utan bankans.

Starfsfólk fær jafnframt reglulega fræðslu um aðgerðir gegn fjármunabrotum. Árið 2023 tók framlínustarfsfólk og fólk í höfuðstöðvum próf í aðgerðum gegn fjármunabrotum. Luku 94% starfsfólks bankans prófinu.

### Próf í aðgerðum gegn fjármunabrotum



### 205-3 Staðfest tilvik um spillingu og mótaðgerðir

Landsbankinn er með viðeigandi ráðstafanir til að draga úr hættu á mútum og spillingu í starfsemi sinni. Með viðeigandi ráðstöfunum er átt við að í Landsbankanum eru til staðar viðeigandi skipulagslegar og stjórnunarlegar aðgerðir sem felast í eftirtöldum þáttum:

- Bankaráð hefur sett sér stefnur sem styðja við aðgerðir bankans gegn mútum og spillingu, þ. á m. stefnu um aðgerðir gegn fjármunabrotum og stefnu um varnir til að takmarka hættu á hagsmunarárekstrum.
- Í stefnu Landsbankans er bann við veitingu fjárframlaga eða annarra gæða sem metin verða til fjár, til starfsemi stjórnmalasamtaka, frambjóðenda eða kosningabaráttu.
- Settar hafa verið reglur, verkferlar og vinnulýsingar sem ætlað er að sporna gegn mútum og spillingu þ. á m. reglur um einkahagsmuni þar sem fjallað er um gjafir og boðsferðir og reglur um vernd uppljóstrara.
- Í reglum Landsbankans er kveðið á um skyldur starfsfólks til að tilkynna án tafar grun um mútur og/eða spillingu til regluvarðar eða innri endurskoðanda, sbr. reglur Landsbankans um vernd uppljóstrara sem kveður m.a. á um rétt uppljóstrara þ.m.t. til trúnaðar um nafn tilkynnanda. Starfsfólki er einnig heimilt að koma tilkynningu á framfæri við fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands samkvæmt reglunum. Ekki komu fram staðfest tilvik um mútur eða spillingu í starfsemi Landsbankans á árinu 2023.
- Starfsfólk fær reglulega fræðslu um mútur og spillingu. Með fræðslu skal stefnt að aukinni vitund meðal starfsfólks um ráðstafanir gegn mútum og spillingu og hvernig starfsfólk skuli bregðast við þegar grunur vaknar um mútur og spillingu.

# Umhverfismál

## Orka

### 302-1 Orkunotkun fyrirtækisins

Orkunotkun Landsbankans er á samstæðugrundvelli.

Orkunotkun		2023	2022	2021
1) Heildarmagn beinnar orkunotkunar	MWst	189	206	292
2) Heildarmagn óbeinnar orkunotkunar	MWst	15.632	11.438	15.747

Samsetning orku		2023	2022	2021
1) Hlutfall orkunotkunar eftir tegund orkuframleiðslu í prósentum				
Endurnýjanleg orka	%	98,7%	97,9%	96,4%
Jarðefnaeldsneyti	%	1,3%	2,1%	3,6%

### 302-2 Óbein orkunotkun

Sjá töflu hér á undan fyrir orkunotkun í vísí 302-1 Orkunotkun fyrirtækis.

### 302-3 Orkukræfni

Orkukræfni		2023	2022	2021
1) Bein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð	MWst/ISKma hreinar rekstrartekjur	2,57	3,89	4,68
	MWst/ársverk	0,24	0,25	0,34
2) Óbein heildarorkunotkun miðað við úttaksstærð	MWst/ISKma hreinar rekstrartekjur	211,7	215,6	252,6
	MWst/ársverk	19,6	13,7	18,6
3) Öll orkunotkun miðað við úttaksstærð	MWst/ISKma hreinar rekstrartekjur	214,2	219,5	257,3
	MWst/ársverk	19,9	14,0	19,0

## Losun

### 305-1 Bein losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1)

Helstu kennistærðir fyrir beina losun má sjá í samantektartöflu í vísí 305-3.

Undir beina losun telst eldsneytisnotkun bankans vegna eigin bifreiða. Upplýsingarnar eru fengnar úr bókhaldsupplýsingum jarðefnaeldsneytissöluaðila bankans. Kolefnislosun er reiknuð út frá losunarstuðlum [DEFRA](#).



---

## 305-2 Óbein losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 2)

Helstu kennistærðir fyrir óbeina losun má sjá í samantektartöflu í vísi 305-3.

Undir óbeina losun hér fellur kaup á raforku og heitu vatni til upphitunar vegna húsnæðis á vegum bankans. Útreikningar kolefnislosunar taka mið af upplýsingum frá dreifiveitum og upplýsingum úr kerfum bankans.

Í útreikningum fyrir árið 2022 var innleidd ný aðferðafræði þar sem horfið var frá því að nota losunarstuðla [Orkuveitu Reykjavíkur](#) og farið yfir í notkun á losunarstuðlum [Umhverfisstofnunar](#) fyrir raforku. Losunarstuðlarnir fela í sér að öll losun frá jarðvarmavirkjunum telst til losunar við framleiðslu á raforku og því er losun frá heitu virkjanavatni engin. Losun frá hefðbundnum jarðvarmavirkjunum er hverfandi. Losun frá fjarvarmaveitum var reiknuð út frá opinberum skýrslum viðkomandi aðila. Kolefnislosun tekur mið af losun á heitu vatni frá hita- og fjarvarmveitum. Hún lækkaði nokkuð árið 2022 í tengslum við nýju aðferðafræðina en hækkar aftur á árinu 2023. Ástæðu þess má rekja til þess að fjarvarmaveitur þurftu að keyra hluta ársins 2022 (árs töf á losunarstuðlum) á jarðefnaeldsneyti í stað endurnýjanlegrar raforku vegna raforkuskerðingar.

Kolefnislosun raforku jókst samhliða nýju aðferðafræðinni á árinu 2022 en helst svipuð á árinu 2023.

Kolefnislosun ársins 2021 vegna raforku frá Landsneti var leiðrétt í síðasta uppgjöri. Áður var hún reiknuð út frá losunarstuðli [Orkustofnunar](#) þar sem búið var að reikna áhrif á sölu upprunavottorða raforku. Hér hefur það verið leiðrétt þannig að ekki er tekið tillit til sölu upprunavottorða enda fengu raforkusölufyrirtæki á þessum árum útgefnar grænar vottanir fyrir selda raforku.

Í upphafi árs 2023 varð sú breyting á í tengslum við kaup á raforku í landinu að upprunaábyrgðir raforku hættu að fylgja endurgjaldslaust með þeirri orku sem sölufyrirtækin keyptu á heildsölumarkaði. Það gerði það að verkum að þeir sem vildu nota raforku með upprunaábyrgð, þ.e. kaupa græna raforku, þurftu sérstaklega að óska eftir því og greiða sérstakt gjald fyrir það. Fram að þessari breytingu voru allir raforkunotendur á almennum markaði að fá sjálfkrafa græna orku og var því markaðslosun og staðbundin losun tengd raforkunni sú sama. Því var ekki metin þörf á að gera grein fyrir þeim í sitthvoru lagi hér en framvegis mun bankinn gera grein fyrir báðum tegundum losunar vegna raforkunotkunar sinnar.

## 305-3 Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 3)

Hér undir fellur öll óbein losun bankans önnur en sú sem fellur undir umfang 2.

Kolefnislosun vegna dreifingar á raforku og heitu vatni tekur mið af samskonar aðferðafræði og í umfangi 2. Hér er notast við stuðla fyrir flutnings- og dreifitap frá Orkustofnun. Fyrir dreifingu á neysluvatni er miðað við losunarstuðul [Orkuveitu Reykjavíkur](#).

Útreikningar á kolefnislosun vegna pappírnotkunar, gagnaflutnings, framleiðslu á eldsneyti, meðhöndlun úrgangs, leigubíla og hótulgistinga taka mið af losunarstuðlum [DEFRA](#) og [Orkuveitu Reykjavíkur](#) en gögnin eru ýmist uppruninn innan- og/eða utanhúss. Síðastnefndi flokkurinn er nýr og er reiknaður hér í fyrsta skiptið.

Kolefnislosun vegna framleiðslu tölvubúnaðar tekur mið af mælingum á kolefnisspori viðkomandi tækja hjá framleiðendum.

Heimavinna og ferðir starfsfólks í og úr vinnu taka mið af spurningalistum sem lagðir voru fyrir starfsfólk bankans. Heimavinnan miðast við áætlaðan fjölda vinnustunda á ári og stöðugilda ásamt tækniupplýsingum viðkomandi vinnubúnaðar og losunarstuðul [Umhverfisstofnunar](#) fyrir raforku. Ferðir starfsfólks taka mið af losunarstuðlum [DEFRA](#) fyrir viðkomandi tegund fararmáta, ökutækis og orkugjafa.

Kolefnislosun vegna fráveitu tekur einnig mið af niðurstöðu úr spurningalista vegna heimavinnu. Miðað er við fjölda vinnustunda í húsnæði bankans og losunarstuðul [Orkuveitu Reykjavíkur](#) fyrir fráveitu.

Kolefnislosun vegna flugferða starfsfólks á vegum bankans fram til ársins 2022 tók mið af skýrslu sem var gerð um lífsferilsmat á flugsamgöngum og aðferðafræði hennar. Tekur aðferðafræðin m.a. mið af tegund flugvélar, að losun í háloftum hefur önnur áhrif á umhverfið en losun við jörðu og að fluglengdir

eru ekki línulegar. Kolefnislosun vegna flugferða á árinu 2023 notast við flugreikni [atmosfair](#) en hann er um margt sambærilegur og fyrri flugreiknir. Tekur hann einnig tillit til tegund flugvélar, landfræðilegri staðsetningu flugleiða og mismunandi flughæð eftir lengd þeirra. Þá er einnig reiknað með auknum áhrifum kolefnislosunar í háloftunum.

Framkvæmdir við nýbyggingu höfuðstöðva nálgast lokastig og uppsteypun er lokið og er losun síðasta árs vegna úrgangs og eldsneytisnotkunar verktaka. Upplýsingar um losunarvalda tengdum framkvæmdunum fást frá verktaka framkvæmdarinnar og miðast við losunarstuðla [DEFRA](#).

Losun gróðurhúsalofttegunda		2023	2022	2021
<b>1) Heildarmagn fyrir umfang 1</b>	<b>tCO<sub>2</sub>í</b>	<b>50,2</b>	<b>54,8</b>	<b>78,0</b>
Eldsneyti		50,2	54,8	78,0
<b>2) Heildarmagn fyrir umfang 2</b>	<b>tCO<sub>2</sub>í</b>	<b>57,9</b>	<b>49,0</b>	<b>75,3</b>
Rafmagn (markaðstengd losun)		42,8	45,2	24,1
Rafmagn (staðbundin losun)		42,8	45,2	24,1
Heitt vatn		15,1	3,9	51,2
<b>3) Heildarmagn fyrir umfang 3</b>	<b>tCO<sub>2</sub>í</b>	<b>1.248,7</b>	<b>827,9</b>	<b>1.651,8</b>
Dreifing raforku		2,8	3,2	0,9
Dreifing hitaveituvatns		3,6	0,6	6,3
Dreifing neysluvatns		1,0	0,3	0,2
Pappírnotkun		9,8	11,7	11,7
Gagnaflutningur		0,8	0,9	0,8
Framleiðsla eldsneytis		12,0	13,1	18,6
Meðhöndlun úrgangs		10,4	15,5	15,0
Innanlandsflug		15,1	65,0	14,1
Millilandaflug		140,7	94,0	18,9
Ferðir starfsfólks í og úr vinnu		244,9	320,1	297,4
Framleiðsla tölvubúnaðar		750,0	183,4	62,9
Leigubílar		0,5	0,4	0,4
Nýbygging höfuðstöðva		49,1	119,2	1.204,0
Heimavinna		0,6	0,6	0,6
Fráveita		0,1	0,1	
Hótelgistingar starfsmanna		7,4		
Útlánasafn (fyrirtækjalán, bílalán og fasteignalán) og eignir (hluta- og skuldabréf)	tCO <sub>2</sub> í	-	249.094*	191.456*
<b>Samtals fyrir öll umfang utan lána- og eignasafns (staðbundin losun)</b>	<b>tCO<sub>2</sub>í</b>	<b>1.357</b>	<b>932</b>	<b>1.805</b>
<b>Samtals fyrir öll umfang (staðbundin losun)</b>	<b>tCO<sub>2</sub>í</b>		<b>250.026</b>	<b>193.261</b>

\*Kolefnislosun útlána- og eignasafns bankans út frá aðferðafræði [PCAF](#). Leiðréttar tölur vegna endurútreiknings og að viðbættum hluta- og skuldabréfum.

### 305-4 Losunarstig gróðurhúsalofttegunda

305-4		2023	2022	2021
1) Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda miðað við úttaksstærð (umfang 1 & 2)	tCO <sub>2</sub> í/ISKma hreinar rekstrartekjur	1,5	2,0	2,5
	tCO <sub>2</sub> í/ársverk (umf. 1&2)	0,14	0,12	0,18

### 305-5 Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda

Landsbankinn kolefnisjafnar starfsemi bankans í gegnum alþjóðlega vottuð verkefni. Landsbankinn hvetur starfsfólk einnig til þess að nota aðra ferðamáta en einkabílinn til að komast til og frá vinnu. Starfsfólki stendur samgöngustyrkur til boða. Honum til viðbótar býður bankinn upp á endurgreiðslu á bílastæðis-kostnaði að hámarki 20.000 á ári til að koma til móts við þá daga ársins sem starfsfólk þarf mögulega að koma á einkabíl til vinnu. Samgöngustyrkur stendur starfsfólki strax til boða við undirritun ráðningarsamnings.

Samgöngustyrkur	2023	2022	2021
Upphæð per starfsmann á ári (ISK)	120.000	108.000	102.000
Virkir samningar	315	334	364
Hlutfall starfsfólks	38%	39%	44%
Þar af konur	54%	55%	54%
Þar af karlar	46%	45%	46%

Landsbankinn hefur einnig sett sér sjálfbærnimarkmið um samdrátt í beinni og óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda.

Bankinn stefnir að því að losun frá umfangi eitt lækki u.þ.b. 80% fyrir árið 2025 miðað við árið 2018 og um 100% fyrir árið 2030. Landsbankinn skal einnig viðhalda kolefnishlutleysi samkvæmt mati Carbon-Neutral® frá og með árinu 2020.


Grunnárið 2018 er valið vegna þess að losun hefur verið reiknuð með aðferðarfræði Green House Gas Protocol frá þeim tímapunkti. Fram að því voru notaðir stuðlar frá Umhverfisstofnun. GHG aðferðarfræðin veitir samanburðarhæfar upplýsingar á alþjóðavettvangi auk þess að vera talin traustasta leiðin til að halda utan um loftslagsbókhalð.

Til að ná fram samdrætti í óbeinni losun gróðurhúsalofttegunda hefur Landsbankinn gerst aðili að Science-Based Targets initiative og ætlar að setja sér markmið um samdrátt í óbeinni losun í samræmi við staðal SBTi fyrir fjármálafyrirtæki. Stefnit var að því að fá þau samþykkt árið 2023 en það náðist ekki. Nú er gert ráð fyrir að samþykktarferlinu ljúki á fyrsta ársfjórðungi 2024 og þá verði Landsbankinn kominn með markmið um samdrátt í óbeinni losun sem sé samþykkt af SBTi.


## 306-2 Úrgangur eftir tegund og förgunaraðferð

Úrgangur bankans er flokkaður og endurunnin eftir því sem hægt er. Hér eru upplýsingar um flokkunar- og endurvinnsluhlutfall hans.

Flokkunarhlutfall				
Tegund	Eining	2023	2022	2021
Flokkað	kg	90.066	70.612	45.718
Óflokkað	kg	11.356	20.087	36.923
<b>Samtals</b>	<b>kg</b>	<b>101.422</b>	<b>90.699</b>	<b>82.641</b>



## Endurvinnsluhlutfall




Endurvinnsluhlutfall				
Tegund	Eining	2023	2022	2021
Endurrunnið/Endurnýtt	kg	86.173	61.672	40.226
Urðað	kg	15.249	29.027	42.415
<b>Samtals</b>	<b>kg</b>	<b>101.422</b>	<b>90.699</b>	<b>82.641</b>

## 401-1 Nýráðningar og starfsmannavelta

Í árslok 2023 störfuðu 845 einstaklingar í 796 ársverkum hjá Landsbankanum.

Af nýráðningum voru 45% konur og 55% karlar.


### Aldursbil nýráðninga hlutfall af heild



■ Konur <30 ■ Karlar <30 ■ Konur 30-50 ■ Karlar 30-50 ■ Konur >50 ■ Karlar >50


Aldursbil nýráðninga hlutfall af heild	2023	2022	2021
Konur <30	29%	23%	26%
Karlar <30	32%	36%	38%
Konur 30-50	12%	15%	26%
Karlar 30-50	19%	22%	5%
Konur >50	5%	3%	5%
Karlar >50	3%	0%	0%

## Nýráðningar 2023



Hér má sjá aldursdreifingu starfsfólks eftir kyni og aldri og þróun síðustu þriggja ára.

## Aldursdreifing starfsfólks eftir kyni



Aldursdreifing starfsfólks eftir kyni	2023	2022	2021
Konur <30	52	49	32
Karlar <30	73	65	45
Konur 30-50	200	215	221
Karlar 30-50	208	210	219
Konur >50	210	222	234
Karlar >50	102	98	98

Starfsmannavelta eftir kyni og aldri undanfarin þrjú ár:

Starfsmannavelta - öll störf	2023	2022	2021
Konur <30	0,82%	1,52%	1,35%
Karlar <30	1,29%	0,94%	0,79%
Konur 30-50	1,88%	2,81%	3,50%
Karlar 30-50	1,41%	3,74%	0,68%
Konur >50	2,58%	4,33%	4,85%
Karlar >50	1,17%	1,40%	1,24%
Samtals	<b>9,14%</b>	<b>14,74%</b>	<b>12,41%</b>

#### 401-2 Hlunnindi fyrir fastráðið starfsfólk sem ekki bjóðast lausráðnu eða starfsfólki í hlutastarfi

Starfsfólk Landsbankans nýtur hlunninda samkvæmt kjarasamningi SSF og SA, hjá Félagi starfsmanna Landsbankans (FSLÍ) og Landsbankanum hf. Kjörin eru mismunandi eftir því hvort starfsfólk er lausráðið eða fastráðið. Í sumum tilfellum getur lausráðið starfsfólk notið sömu kjara og fastráðið starfsfólk.

Allt starfsfólk, jafnt fastráðið sem lausráðið, nýtur aðgangs að trúnaðarlækni, hádegisverði, slysatryggingu, foreldra- og fæðingarorlofi og sjúkrasjóði.

Allt fastráðið starfsfólk er líftryggt, fær örorkustyrk ef svo ber undir og fær greiddan að hluta mismun á launum og greiðslum frá fæðingarorlofssjóði.

Auk ofangreinds nýtur starfsfólk ýmissa fríðinda eins og aðgangs að orlofshúsum, íþróttastyrkja, samgöngustyrks, námsstyrkja og tólmstundastyrkja. Nánari upplýsingar um þau fríðindi sem standa starfsfólki til boða er að finna á vefsíðu bankans.



## 401-3 Foreldraorlof

Fjöldi starfsfólks sem á rétt á fæðingarorlofi*	2023	2022	2021
Konur	20	24	30
Karlar	34	41	50
Fjöldi sem fór í fæðingarorlof*	2023	2022	2021
Konur	20	24	30
Karlar	33	40	47
Fjöldi starfsfólks sem sneri aftur til vinnu eftir fæðingarorlof*	2023	2022	2021
Konur	20	23	28
Karlar	31	37	42
Fjöldi starfsfólks sem sneri aftur til starfa eftir fæðingarorlof og var enn við störf 12 mánuðum seinna*	2023	2022	2021
Konur	22	28	27
Karlar	32	40	31
Fjöldi starfsfólks sem sneri ekki aftur til starfa eftir fæðingarorlof	2023	2022	2021
Konur		1	2
Karlar	2	3	0
Hlutfall starfsfólks sem sneri aftur til starfa	2023	2022	2021
Konur	83,33%	76,67%	93,33%
Karlar	77,50%	78,72%	100,00%
Ráshlutfall (e. retention rate) (í starfi 12 mán.eftir fæð.orl.)	2023	2022	2021
Konur	95,65%	100,00%	84,38%
Karlar	86,49%	95,24%	88,57%

\*Á Íslandi nær réttur til fæðingarorlofs yfir tvö ár þannig að í töflunum sýna tölur ársins 2022 rétt vegna barna fæddra á bilinu 2020-2022, árið 2021 sýnir rétt vegna barna fæddra á bilinu 2019-2021 og árið 2020 sýnir rétt vegna barna fæddra á bilinu 2018-2020.

## 404-1 Meðaltími fræðslustunda á starfsmann á ári

Ekki var haldið utan um fræðslustundir ársins 2023 og því eru þessar tölur ekki til. Í næsta kafla er fjallað um lærdómsmenningu Landsbankans og gefin innsýn í þátttöku starfsfólks og þá fræðslu sem þeim stendur til boða.

## 404-2 Dagskrá til að uppfæra hæfni starfsfólks og aðstoð til að aðlagast breytingum

### Áhersla á fræðslu um vinnustaðamenningu

Á árinu 2023 flutti meirihluti starfsfólks í nýtt hús við Reykjastræti 6 og kom þar saman undir eitt þak eftir að hafa unnið á mörgum mismunandi stöðum víðsvegar um miðbæinn undanfarna áratugi. Lögð var áhersla á að huga vel að vinnustaðamenningunni sem óhjákvæmilega tekur breytingum við svona stórt skref. Vinnustaðamenning er í stöðugri þróun og starfsumhverfið er stór og veigamikill þáttur sem hefur áhrif á menningu og árangur í starfi.

---

Vegna flutninganna var lögð áhersla á fræðslu sem snýr að velferð og vellíðan, bæði líkamlegri og andlegri. Markmiðið sem haft var að leiðarljósi var að skapa starfsumhverfi þar sem starfsfólki líður vel, sem styður við vöxt, árangur og þróun starfsfólks og sem stuðlar að góðu jafnvægi á milli verkefna og einkalífs.

## Öflug starfstengd fræðsla


Starfsfólki stóð áfram til boða að sækja fjölda starfstengdra námskeiða sem miða að því að auka hæfni í starfi, t.d. öryggisnámskeið og námskeið til að viðhalda verðbréfamiðlunarréttindum. Áhersla var á fræðslu um sjálfbærnimál og m.a. fjallað um hvaða áhrif við getum haft með betri nýtingu á því sem við eigum og betri flokkun á því sem við hendum, um líffræðilegan fjölbreytileika og fræðslu um PCAF.

Haldinn var vel heppnaður starfsdagur í bankanum í september þar sem boðið var upp á fjölbreytta fræðsluviðburði sem höfðu það markmið að styðja við stefnustoðir og tilgang bankans, traustur banki fyrir farsæla framtíð.


## Virgni í fræðslu

Sé litið til fræðslu sem er ekki skyldufræðsla sótti 63% starfsfólks sér fræðslu á árinu. Starfsfólk sótti að meðaltali 5 fræðsluerindi (stað-/fjar- og/eða rafræn) hjá bankanum á árinu. Sé litið til ársins 2022 kemur í ljós að virgni hefur minnkað á milli ára. Framboð fræðslu var einnig minna 2023 en árið áður en samdráttur í þátttöku og framboði fræðslu skýrist af því hve mikil áhersla og tími starfsfólks fræðsludeildar fór í flutninga í nýtt húsnæði.

### Virgni í fræðslu meðal starfsfólks




### Virgni í fræðslu eftir kyni



■ Konur sem luku fræðslu ■ Karlar sem luku fræðslu


Við leggjum áherslu á að allt starfsfólk hafi jöfn tækifæri til þátttöku í fræðslu. Af þeim sem tóku þátt í fræðslu sem er ekki skyldufræðsla á árinu eru konur 60% en karlar 40%.

### Hlutfall kvenna sem nýtti sér fræðslu



■ Konur sem luku fræðslu ■ Konur sem luku ekki fræðslu


## Hlutfall karla sem nýtti sér fræðslu



■ Karlar sem luku fræðslu ■ Karlar sem luku ekki fræðslu

Sé litið til kynjaskiptingar má sjá að 68% kvenna tók þátt í fræðslu sem er ekki skyldufræðsla innan bankans á meðan þátttaka karla var 57%.

## Hlutfall sem nýtti sér fræðslu eftir sviðum\*



\*Hér eru sýnd sjö svið bankans og starfsfólk á skrifstofu bankastjóra

---

Sé tekið mið af aðstæðum á árinu 2023 var virkni í fræðslu mest hjá Eignastýringu og miðlun (84%) og Einstaklingssviði (80%). Mat á virkni í fræðslu tekur til fræðsluviðburða og rafrænnar fræðslu sem er ekki skylda og er á fræðsludagskrá hjá bankanum. Tekið skal fram að í þessum tölum er ekki tekið mið af fræðslu sem er sótt annað.

## Stjórnendabjálfun

Öflugri stjórnendabjálfun var haldið úti árið 2023. Áherslurnar, sem munu ná yfir allt árið 2024, snúa að jafnrétti, inngildingunni og fjölbreytileika og byggir fræðslan á erindum sérfræðinga og ráðgjafa. Þessu til stuðnings er fundarröð fyrir stjórnendur sem miðar að því að skapa vettvang til að miðla upplýsingum, eiga samtal um ýmis málefni og styðja við hæfni og færni stjórnenda. Fyrsti slíki fundurinn var haldinn í nóvember og þar var farið yfir nýjustu rannsóknir og strauma um fjarvinnu og vinnustaði sem blanda saman fjar- og staðvinnu.

## Nýliðabjálfun

Á fyrstu vikum og mánuðum í starfi þarf nýtt starfsfólk að ljúka rafrænni skyldufræðslu. Fræðslan snýr m.a. að almennum upplýsingum um starfsemi bankans, regluverki og háttsemi. Stjórnendur bera ábyrgð á því að nýtt starfsfólk fái góðar móttökur og viðeigandi bjálfun á starfsstöð. Öllu nýju sumarstarfsfólki er skylt að mæta á sérstakan fræðsludag þar sem farið er yfir helstu reglur og starfsemi bankans.

## Undirbúningur starfsloka

Starfsfólki sem hyggur á starfslok vegna aldurs á næstu tveimur árum er boðið að sækja námskeið til þess að undirbúa sig sem best fyrir þessi mikilvægu tímamót. Lögð er áhersla á staðkennslu á þessum námskeiðum og góða tengslamyndun. Samtals sóttu 33 starfslokanámskeið í nóvember 2023.

## Styrkir til að efla þekkinguna

Starfsfólk er hvatt til þess að sækja styrki til náms og símenntunar í gegnum starfsmannafélag bankans (FSLÍ) og sitt stéttarfélag. Styrkimir styðja starfsfólk til að sækja lengra nám eða námskeið utan bankans.

## 405-1 Fjölbreytileiki meðal stjórnenda og starfsfólks

Starfaflokkun Landsbankans var uppfærð árið 2022 og hér er hlutfall kynja sýnt niður á starfaflokka í bankanum. Bankastjóri er ekki hluti af þessum starfaflokkum.

Nánari lýsing á starfaflokkum:


Um er að ræða fimm starfafjölskyldur sem innihalda á bilinu 2-7 starfaflokka hver, en alls eru starfaflokkarnir 17 talsins.

Þeir þættir sem horft er til við skilgreiningu starfafjölskyldna eru þættirnir sem mynda grunn að verðmæti starfa, t.d. kröfur sem starf gerir til starfsfólks með tilliti til ábyrgðar, þekkingar og hæfni.

Starfaflokkarnir okkar byggja á eftirfarandi breytum:

- Þekking – starfsreynsla og menntun
- Umfang starfs – samskiptahæfni og flækjustig verkefna
- Ábyrgð – stjórnunarleg ábyrgð og ábyrgð á verðmætum
- Álag

Hlutfall kynja eftir störfum og aldri.




	Karlar		
	<30	30-50	>50
Fagstörf	0%	1%	1%
Forstöðumenn (ásamt framkv.stj.)	0%	2%	2%
Millistjórnendur	0%	2%	2%
Sérfræðingar	5%	18%	7%
Sérhæfð störf	4%	1%	0%

	Konur		
	<30	30-50	>50
Fagstörf	0%	1%	2%
Forstöðumenn (ásamt framkv.stj.)	0%	2%	1%
Millistjórnendur	0%	2%	2%
Sérfræðingar	2%	14%	11%
Sérhæfð störf	4%	5%	9%

## 405-2 Hlutfall launa kvenna af launum karla

Tekið er miðgildi af launum og borið saman eftir starfi og kyni.



Hlutfall launa kvenna af launum karla	2023
Fagstörf	82%
Forstöðumenn (ásamt framkv.stj.)	87%
Millistjórnendur	88%
Sérfræðingar	85%
Sérhæfð störf	108%

## 414-1 Hlutfall nýrra birgja sem voru metnir með tilliti til samfélagsmála

### Nýir birgjar/aðrir en í upplýsingatækni

Framkvæma þarf öryggis- og gæðakönnun á stjórnunar-, þjónustu- og framleiðsluaðferðum birgja sem samið er við með því m.a. að senda öryggis- og gæðakönnunina. Þetta er gert áður en samið er við nýja birgja í samræmi við reglur bankans um öryggis- og gæðamat á birgjum.

### Eftirlit með núverandi birgjum

Á 12 mánaða fresti er mikilvægum birgjum bankans send öryggis- og gæðakönnun sem hluti af eftirliti með birgjum bankans. Við ákvörðun um hvaða birgjar fá könnunina er m.a. horft til umfangs samnings, mikilvægis og eðli þjónustu/vöru sem samningur nær til. Almenn er könnunin ekki send til birgja þar sem um er að ræða kaup á vöru/þjónustu frá litlum þjónustu-/verktakafyrirtækjum eða einyrkjum.

Öryggis- og gæðakönnunin er í formi spurningalista þar sem spurningum er skipt upp í flokka, t.d. varðandi stjórnun, öryggismál og samfélagsmál. Þegar birgi hefur svarað spurningalistanum metur bankinn svörin út frá fyrirfram skilgreindu líkani. Ef niðurstaðan er sú að bankinn telur svör birgjans ófullnægjandi, annað hvort í ákveðnum flokki eða í heild, er haft samband við forsjáraðila birgjans og viðkomandi upplýstur um niðurstöðuna. Forsjáraðilinn hefur í framhaldi samband við birgjann, bæði til að leita skýringa og einnig til að koma á framfæri óskum um úrbætur ef þörf er talin á. Í framhaldi er Rekstraráhættudeild upplýst um niðurstöður eftirfylgninnar sem miðlar þeim áfram til Rekstraráhættunefndar.

Sem stendur er ekki gerð krafa um að fyrirtæki svari samfélagsspurningum játandi. Landsbankinn telur þó að með því að spyrja þeirra spurninga og með því að taka samtal við birgja sem ekki standast matið í þeim flokki sé bankinn að sýna birgjum að þetta sé málefni sem hann leggur áherslu á.

Verklagið er skilgreint í reglunni öryggis- og gæðakönnun á birgjum. Landsbankinn hóf eftirlit með birgjum árið 2016 og hafa nokkrir innlendir birgjar fengið spurningalistann sendan frá upphafi. Árið 2019 var einnig byrjað að senda á erlenda birgja. Árið 2023 svaraði 31 birgi öryggis- og gæðakönnun Landsbankans og var dreifing á samfélagsspurningunum eftirfarandi.

	Já	Nei	Að hluta	Samtals
Hefur fyrirtækið myndað sér stefnu í umhverfismálum	22	8	1	31
Hefur fyrirtækið myndað sér stefnu í samfélagsábyrgð?	23	7	1	31
Styður fyrirtækið félagafrelsi og viðurkennir rétt til kjarasamninga ?	28	3	0	31
Hefur fyrirtækið gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir barnaþrælkun í starfsemi sinni ?	23	7	1	31
Hefur fyrirtækið gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir nauðungar- eða skylduvinnu í starfsemi sinni ?	23	7	1	31

	Já	Nei	Að hluta	Samtals
Hefur fyrirtækið myndað sér stefnu í umhverfismálum	71%	26%	3%	100%
Hefur fyrirtækið myndað sér stefnu í samfélagsábyrgð?	74%	23%	3%	100%
Styður fyrirtækið félagafrelsi og viðurkennir rétt til kjarasamninga ?	90%	10%	0%	100%
Hefur fyrirtækið gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir barnaþrælkun í starfsemi sinni ?	74%	23%	3%	100%
Hefur fyrirtækið gert ráðstafanir til að koma í veg fyrir nauðungar- eða skylduvinnu í starfsemi sinni ?	74%	23%	3%	100%

Í einhverjum tilfellum svaraði birgi að spurning ætti ekki við. Í þeim tilfellum var metið sem svo að ráðstafanir væru ekki til staðar, einnig ef birgi svaraði ekki spurningu.

### Heimsóknir til birgja.

Árið 2022 var eftirlit með birgjum aukið að því marki að bætt var við heimsóknum til ákveðinna birgja þar sem úttekt á niðurstöðum öryggis- og gæðakönnunarinnar er framkvæmt. Markmið heimsóknanna er að staðfesta svör birgja ásamt því að fá traustari skilning á innsendum svörum skv. öryggis- og gæðakönnuninni og leggja mat á áhættur ef við á. Verklag er í þróun en áætlað er að heimsækja í kringum fjóra til fimm birgja á ári samkvæmt fyrirbyggjandi úttektaráætlun. Árið 2022 var einn birgi heimsóttur en árið 2023 voru fjórir birgjar heimsóttir.



---

## 418-1 Rökstuddar kvartanir vegna brota gegn persónuvernd og taps á upplýsingum um viðskiptavinum

Á árinu 2023 bárust Landsbankanum 5 kvartanir frá viðskiptavinum varðandi uppflettingu á kennitölu þeirra í kerfum bankans. Við skoðun á tilgangi uppflettinganna kom í ljós eitt frávik þar sem ekki var með vissu hægt að staðfesta tilgang uppflettingar og var unnið úr því máli í samræmi við innri ferla bankans. Aðrar uppflettingar reyndust við skoðun hafa átt sér málefnalegar skýringar og farið fram í viðskiptalegum tilgangi eða sem hluta af eftirliti og áhættustýringu bankans.

Landsbankanum barst á síðasta ári ein fyrirspurn frá Persónuvernd vegna kvörtunar viðskiptavinar. Kvörtunin sneri að afgreiðslu bankans á beiðni um aðgang að persónuupplýsingum. Ekki liggur fyrir afstaða eða úrskurður Persónuverndar í málinu. Persónuvernd úrskurðaði í einu kvörtunarmáli frá árinu 2020 þar sem kvartað hafði verið yfir vinnslu Landsbankans þar sem farið var fram á upplýsingar um kennitölu í tengslum við reiðufjárviðskipti við bankann. Niðurstaða Persónuverndar var að vinnsla Landsbankans hefði samrýmst ákvæðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ekki komu upp atvik þar sem persónuupplýsingar viðskiptavina glötuðust eða töpuðust á árinu. Ein tilkynning um öryggisbrest var send til Persónuverndar. Persónuvernd hefur lokið skoðun sinni á öryggisbrestinum og taldi á grundvelli fyrirliggjandi gagna ekki tilefni til aðgerða. Ekki liggur fyrir staðfest frávik frá persónuvernd viðskiptavina að öðru leyti.

## G4-DMA (FS8) Peningalegt verðmæti vöru og þjónustu sem ætlað er að framkalla umhverfislegan ávinning fyrir hvern starfspátt, sundurliðað eftir tilgangi

### Samstarf við Norræna fjárfestingarbankann

Landsbankinn er með fjóra virka lánasamninga við Norræna fjárfestingarbankann (NIB). Þrír lánasamninganna, hver að fjárhæð 75 milljónir Bandaríkjadala eru ætlaðir til fjármögnunar á lánveitingum til lítilla og meðalstórra fyrirtækja á Íslandi og verkefnum tengdum umhverfismálum og var sá nýjasti undirritaður í desember 2023. Fjórði lánsamningurinn, að fjárhæð 40 milljónir Bandaríkjadala, er ætlaður til fjármögnunar á nýbyggingu bankans við Reykjastræti sem mun hljóta umhverfisvottun BREEAM og einkunnina framúrskarandi (e. excellent).

### Grænar skuldabréfaútgáfur Landsbankans

Landsbankinn hefur þrisvar gefið út græn skuldabréf fyrir samtals 900 milljónir evra undir EMTN-útgáfuramma bankans með vísan í sjálfbæra fjármálaumgjörð bankans sem alþjóðlega matsfyrirtækið Sustainalytics veitti álit á. Grænu skuldabréfin voru gefin út í febrúar 2021, nóvember 2021 og september 2023.

Í sjálfbæru fjármálaumgjörð bankans, sem var gefin út árið 2021, er farið yfir þær kröfur sem gerðar eru til verkefna svo að þau geti talist sjálfbær. Umgjörðin samræmist viðmiðum Alþjóðasamtaka aðila á verðbréfamarkaði (ICMA) um græn og félagsleg skuldabréf og leiðbeiningum um sjálfbær skuldabréf, auk þess sem fjármálaumgjörðin samræmist flokkunarkerfi Evrópusambandsins (e. EU Taxonomy) um græna og félagslega fjármögnun þar sem það er mögulegt og viðmiðum SP um blá skuldabréf.

Árlega er gefin út áhrifaskýrsla sjálfbærrar fjármögnunar með yfirliti yfir þau útlán sem standa að baki grænni skuldabréfaútgáfu bankans og upplýsingum um hvaða flokka umgjjarðarinnar þau falla í. Áhrifaskýrslan er staðfest af þriðja aðila sem gengur úr skugga um að upplýsingarnar í skýrslunni séu réttar og uppfylli kröfur sjálfbæru fjármálaumgjjarðarinnar.

Seinni hluta árs 2023 var farið í vinnu við að uppfæra sjálfbæru fjármálaumgjörðina og lýkur þeirri vinnu í byrjun árs 2024. Nauðsynlegt er að uppfæra sjálfbærar fjármálaumgjjarðir með reglulegum hætti þar sem kröfurnar sem gerðar eru á mörkuðum til sjálfbærra útgáfa breytast hratt, hvort sem þær eru grænar, félagslegar, bláar eða sjálfbærar. Uppfærslunni er ætlað að skerpa á flokkum eldri umgjjarðarinnar og uppfylla kröfur Evrópusambandsins eftir því sem hægt er, bæði Green Bond Principles leiðbeiningunum og EU Taxonomy.

---

## G4-FS13 Aðgangur að bankþjónustu

Viðskiptavinir bankans hafa aðgang að bankþjónustu allan sólarhringinn í gegnum Landsbankaappið og netbankann en þar er hægt að sinna allri almennri bankþjónustu hvar og hvenær sem er á þremur tungumálum.

Viðskiptavinir geta m.a. sparað og sett sér sparnaðarmarkmið í appinu, sótt um kreditkort, breytt lánaheimild, sótt um aukalán eða yfirdrátt, stofnað reikning í netbankanum og sótt um íbúðalán í rafrænu ferli á nokkrum mínútum. Einnig tekur einungis örskotstund að gerast viðskiptavinur.

Sjálfsafgreiðsla fer ekki aðeins fram í gegnum appið og netbankann heldur einnig í gegnum hraðbanka og önnur sjálfsafgreiðslutæki þar sem hægt er að taka út og leggja inn reiðufé, kaupa gjaldeyri, kaupa gjafakort, skoða stöðuna og greiða reikninga. Lögð er áhersla á að auka sólarhringsaðgengi að sjálfsafgreiðslutækjum.

Landsbankinn rekur stærsta útibúa- og hraðbankanet landsins með 35 útibú og afgreiðslur ásamt 89 hraðbönkum á 62 stöðum víðsvegar um landið. Landsbankinn býður einnig upp á þjónustuheimsóknir til bæjarfélaga víða á landsbyggðinni. Viðskiptavinir leita fyrst og fremst í útibú vegna fjármálaráðgjafar, fyrirtækjþjónustu og til að fá aðstoð við að tileinka sér sjálfsafgreiðslulausnir.

## G4-FS14 Aðgerðir til að bæta þjónustu fyrir illa setta viðskiptavinir

Á árinu 2023 héldu viðskiptavinir áfram að nýta sér þjónustu bankans í auknu mæli í gegnum netið og símann. Fleiri höfðu samband við Þjónustuverið í gegnum síma, tölvupóst og netspjall, og tímapöntun fyrir ráðgjöf í útibúum eða með fjarfundi er þjónusta sem hefur fest sig í sessi til framtíðar. Starfsfólk um allt land sinnir ráðgjöfinni þannig að viðskiptavinir bankans geta átt von á að starfsfólk hvaðanæva af landinu sinni þeim.

## G4-DMA (FS16) Aðgerðir til að bæta fjármálalæsi eftir markhópum

Viðskiptalausnir á Einstaklingssviði bankans sjá um fjármálafræðslu til einstaklinga og eflingu fjármálalæsis. Víðtæk umfjöllun og fræðsla um efnahag og fjármál í víðum skilningi fer fram á Umræðunni, fréttu- og efnisveitu Landsbankans.

Landsbankinn hefur um árabíl lagt áherslu á fjármálafræðslu fyrir ungmenni í framhaldsskólum, bæði yngri nemendur sem eru að hefja nám, sem og þá sem senn ljúka námi. Fræðslunni er ætlað að efla fjármálaskilning nemenda og gera þá betur í stakk búna til að gera áætlanir til framtíðar. Ekki á sér stað kynning á vörum eða þjónustu bankans heldur er um að ræða almenna fjármálafræðslu. Starfsfólk í Þjónustuveri og útibúum bankans hafa séð um kynningarnar. Fræðsluheimsóknir standa öllum framhaldsskólum til boða og eru skipulagðar í samstarfi við fulltrúa þeirra. Mikið er lagt upp úr því að allir skólar geti fengið fræðslu. Árið 2023 var Hússtjórnarskólanum boðið í heimsókn í húsakynni Landsbankans til að fá fjármálafræðslu, en skólinn hefur ekki haft aðstöðu til að taka á móti fyrirlesurum. Alls hélt bankinn 12 fjármálafræðsluviðburði á árinu.

Landsbankinn tekur einnig virkan þátt í verkefninu Fjármálavit, sem er námsefni í fjármálafræðslu fyrir nemendur í eldri bekkjum grunnskóla. Samtök fjármálafyrirtækja (SFF) og Landssamtök lífeyrissjóða (LL) standa að verkefninu í samstarfi við aðildarfélögin og starfsfólk þeirra um land allt.